

Allsherjarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Akureyri 10. mars 2006


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann), 53. mál.

Með bréfi dags. 23. febrúar 2006 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið. Eftirfarandi er umsögn stofunnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Ofbeldi í nánum samböndum er flókið og erfitt að eiga við. Heimilið á þó alltaf að vera griðastaður og löggjafinn skyldi leitast við að tryggja að friðhelgi þess. Opinber gögn sýna að konur eru mun oftar þolendur heimilisofbeldis. Ofangreint frumvarp hefur því það að markmiði að bæta stöðu kvenna sérstaklega og gerir opinberum aðilum eins og lögreglunni auðveldara að takast á við þetta vandamál.

Jafnréttisstofa fagnar öllum tilraunum löggjafans til að draga úr heimilisofbeldi og bæta stöðu þolenda þess. Aðgerðir sambærilegar þeim sem ofangreint frumvarp leggur til hafa reynst vel í nágrannalöndum okkar, eins og lýst er í greinargerð með frumvarpinu. Jafnréttisstofa telur að hér sé um jákvætt skref í þróun þessara mála að ræða, en vill þó ítreka að nauðsynlegt er að líta á þennan málaflokk heildstætt og tryggja að úrræði séu til staðar fyrir þá aðila sem með þessum hætti væri vísað brott af heimilum sínum.

Virðingarfyllst,


Silja Bára Ómarsdóttir, sviðsstjóri